

Fundargerð 92. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í innviðaráðuneytinu, 4. desember 2023, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Endurnýjun sóknaráætlanasamninga - bréf innviðaráðherra til stýrihópsins
2. Samtal við landshluta um stefnur ríkisins
3. Vinna við skýrslu ráðherra til Alþingis um framvindu byggðaáætlunar
4. Opinber grunnþjónusta
5. Önnur mál
 - a. Aðgerð B.7 Óstaðbundin störf
 - b. Málefni Stranda

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Daníel Svavarsson (FOR, mætti 13:15), Hafþór Einarsson (MRN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu), Albertína F. Elíasdóttir (landshlutasamtökunum) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Í fjarfundi: Eva Margrét Kristinsdóttir (FRNF), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Þórarinn Sólmundarson (HVIN fór 14:04) og Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Arnar Þór Sveinsson (HRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Bryndís Eiríksdóttir (MAR) og Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN).

Formaður setti fund og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgreiðsla:

- 1. Endurnýjun sóknaráætlanasamninga.** Í tengslum við endurnýjun sóknaráætlunarsamninga sendi innviðaráðherra bréf til stýrihópsins, dags. 11. október s.l. Í bréfinu kemur m.a. við endurnýjun samninga felist tækifæri fyrir fleiri ráðuneyti til að koma að sóknaráætlunum með beinum hætti og óskar ráðherra eftir því að stýrihópurinn taki þau mál til skoðunar. Ákveðið að halda umræðum áfram á næsta fundi stýrihópsins í janúar.
Formaður upplýsti að ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafi samþykkt að veita landshlutasamtökum sveitarfélaga samtals 45 m.kr. viðbótarframlag vegna endurnýjunar sóknaráætlana árið 2024.
- 2. Samtal við landshluta um stefnur ríkisins.** Ákveðið hefur verið að efna til fundar um málefnastefnur ríkisins í tengslum við endurskoðun sóknaráætlana landshluta. Slíkur fundur var haldinn í aðdraganda gildandi sóknaráætlana og þá í Hveragerði. Formaður sagði frá fundi með framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna og Byggðastofnun nýverið um þetta mál, en þar var rætt um að halda slíkan fund sem fjarfund og þá heilan dag með tímasetningu í febrúar. Rætt var um 21. febrúar en þarf að kanna nánar hvort sú tímasetning gangi upp. Ákveða þarf hvaða stefnur á að kynna, en formaður hefur áður varpað þessu fram við stýrihópinn og nokkur viðbrögð hafa borist. Ábending kom fram um að kynna bæði stefnur og áherslur, fremur en einungis stefnur. Einnig rætt um að halda tvo eða fleiri fundi og þá styttri. Ákveðið að formaður og fulltrúi landshlutasamtakanna skoði málið á milli funda og geri tillögu að fyrirkomulagi og dagskrá.
- 3. Vinna við skýrslu ráðherra Alþingis um framvindu byggðaáætlunar.** Formaður greindi frá vinnu við að safna upplýsingum um stöðu allra 44 aðgerða byggðaáætlunar, sem sett verður fram sem viðauki við árlega skýrslu ráðherra um framvindu byggðaáætlunar. Gert er ráð fyrir að skýrslan verði lögð fyrir Alþingi í janúar og óskaði formaður liðsinnis stýrihópsins til að nálgast upplýsingar sem uppá vantar.

4. **Opinber grunnþjónusta.** Framhald frá síðasta fundi. Drög að skilgreiningu eru farin í samráðsgáttina og verða þar til umsagnar fram til 7. febrúar.
5. **Önnur mál.**
 - a) *Aðgerð B.7 Óstaðbundin störf.* Formaður greindi frá að samið hefur verið við Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri um að gera könnun meðal forstöðumanna ríkisstofnana sem er uppfærsla eldri könnunar sem og uppfærsla eldri greinargerðar. Áætlað er að niðurstöður liggja fyrir í febrúar/mars.
 - b) *Málefni Stranda.* Fulltrúi FOR greindi frá ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 17. nóvember sl. um að skipa landshlutanevnd um málefni Stranda. Nefndin verður skipuð fulltrúum sveitarfélaganna á Ströndum, Byggðastofnunar, Fjórðungssambands Vestfirðinga og sérfræðingum frá forsætisráðuneyti og innviðaráðuneyti.

Formaður mun finna nýja dagsetningu fyrir fund stýrihópsins í janúar og breyta áður boðaðri tímasetningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:18